



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Djúpavogshreppur
Rúnar Matthíasson
Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa
Bakki 1
765 Djúpavogshreppur

Djúpivogur, 20. desember 2018
MÍ201811-0075/ 6.05 / Þ.E.H.

Efni: Hlöðutóft við Hlíðargötu, Djúpavogshreppur

Með tölvubréfi dagsett 1. nóvember síðastliðinn óskaði Rúnar Matthíasson, aðstoðarmaður byggingarfulltrúa Djúpavogshrepps, eftir leyfi til að fá að raska tóft (SM-233:069G) við götuna Hlíð innan Djúpavogshrepps. Tóftin hefur einnig verið kölluð Gíslahlaða. Minjastofnun Íslands hefur fengið skipulagstillögur Hlíðargötu til umsagnar áður (MÍ201608-0048/ 6.10 / Þ.E.H.). Í sumar veitti stofnunin umsögn þar sem gerðar voru breytingar á byggingarreit við Hlíð 5 en umrædd tóft stendur innan þeirrar lóðar (MÍ201807-0017/ 6.09 / K.M.). Talið var að hægt væri að hlífa tóftinni við raski í tengslum við byggingu íbúðarhúss á svæðinu en þegar betur var að gáð kom í ljós að óhjákvæmilega yrðu þessar minjar fyrir raski í tengslum við þær framkvæmdir. Óskað var því eftir leyfi stofnunarinnar, ef þess þyrfti, að raska tóftinni.

Fornleifaskráning hefur verið unnin fyrir þéttbýli Djúpavogs af Fornleifastofnun Íslands ses., *Aðalskráning fornleifa á Djúpavogi: Þéttbýli* (skýrsla útgefin árið 2018, nr. FS671-16302).

Í 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kemur fram:

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða.

Minjastofnun Íslands ákveður að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar er þörf, hvort gera skuli tillögu um fridlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Puríður Elísa
Harðardóttir
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Samkvæmt fyrirbyggjandi fornleifaskráningu er fjallað um tóft (SM-233:069G) á bls. 23-24. Þar kemur fram:

Samkvæmt túnakorti er útihús G um 60 m NNA við bæjarhús A. Þar er einföld tóft, sem er 8x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Mesta veggjahæð er 0,5 m. Ekki er hægt að telja umför vegna mikils gróðurs á veggjum, engu að síður glittir í grjót í hleðslum.

Á afgreiðslufundi Minjastofnunar 2.11.2018 var bókað að minjavörður myndi kanna svæðið með kjarnabor til að hægt væri að meta næstu skref. Þann 22. nóvember síðastliðinn fór minjavörður á vettvang og kannaði umrædda tóft með kjarnabor. Niðurstöður þeirrar könnunar voru þær að ekki reynast vera eldri mannvistarleyfar undir sverði. Tóftinn virðist vera reist á klöpp og lítil jarðvegssöfnun liggur undir henni. Málið var í kjölfarið tekið aftur fyrir á afgreiðslufundi hjá Minjastofnun þann 6.12.2018 þar niðurstöður rannsóknar minjavarðar og fyrirbyggjandi fornleifaskráning voru metnar sem fullnægjandi rannsókn á tóftinni og heimilað að henni yrði raskað.

Tóft (SM-233:069G) hefur verið skráð af Fornleifastofnun Íslands ses. Könnun minjavarðar auk fyrirbyggjandi fornleifaskráningar telst fullnægjandi rannsókn á tóftinni. Minjastofnun heimilar að tóftinni verði raskað en hvetur til þess að reynt sé að komast hjá því að raska minjunum eftir bestu getu.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Byggingarfulltrúi Djúpavogshrepps (byggingarfulltrui@djupivogur.is)
Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps (skipulag@djupivogur.is)